

Mánudaginn 16. mars 1992.

Nr. 93/1992. **Jónína Bjartmarz héraðsdómslögmaður**

gegn

Eysteini Guðmundssyni,

skipuðum lögráðamanni

X fyrir hans hönd.

Kærumál. Sameining mála. Lögræðislög. Umboð. Aðild. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 11. febrúar 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1992 í lögræðismálinu nr. 22/1991. Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Þá hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru s.d. frávísunardómi, upp kveðnum sama dag í sama máli. Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga, sbr. b-lið 1.tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kærurnar bárust héraðsdómara 13. febrúar sl., sem sendi Hæstarétti kærugögn 28. s. m.

Sóknaraðili var ekki viðstaddur uppkvaðningu hinna kærðu dómsathafna, en kveðst hafa fengið vitneskju um þær 31. janúar sl. Er kæran nægilega snemma fram komin.

Sóknaraðili krefst þess annars vegar, að hrundið verði þeirri ákvörðun héraðsdómara að vísa frá dómi kröfu um, að sér sé heimilt að heimsækja X.

Hins vegar krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður og hinn kærði frávísunardómur verði staðfestir. Þá krefst hann ríflegs kærumálskostnaðar.

Rétt þykir að taka bæði kæruefnin til afgreiðslu í einu máli, þótt sóknaraðili hafi sent tvær sjálfstæðar kærur.

I.

Í 9. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 segir meðal annars, að sá, sem sviptur er lögræði, geti borið fram tilmæli til héraðsdómara um, að lögræðissviptingin verði felld úr gildi. Þarf að skera úr því í máli þessu, hvort X hafi borið fram slík tilmæli.

II.

Sóknaraðili máls þessa hefur skýrt svo frá, að hún hafi þekkt X, frá því að hann var barn. Hún kveður X hafa haft símasamband við sig í október á síðasta ári og leitað eftir aðstoð til að „fá meiru um sín mál ráðið“. Hún kveðst hafa skýrt fyrir honum réttarstöðu hans og lofað að hitta hann að máli.

Hinn 29. nóvember segist sóknaraðili hafa farið til X í sambýlið að Bröndukvísl 17. Hafi þau rætt nokkuð ýtarlega saman, fyrst ein, en síðan að forstöðumanni sambýlisins viðstöddum. Kveðst sóknaraðili hafa rætt um líkur á, að X fengi sjálfræði að nýju, en jafnframt tekið fram, að hún teldi hann ekki hafa getu til að fá fjárræði. Hún kveðst hafa lagt áherslu á, að hún gæti liðsinnt honum við að koma tilmælum hans á framfæri og aflað fyrir hans hönd vottorða lækna. Dómarar tækju síðan ákvarðanir á grundvelli vottorða og annarra gagna.

Sóknaraðili segir, að X hafi viljað láta á þetta reyna, og kveðst hafa afhent honum til undirritunar umboð til sín. Hún hafi hvatt X til að skýra lögráðamanni sínum og móðursystur sinni frá ráðagerðinni. Sóknaraðili heldur því fram, að viðbrögð lögráðamannsins hafi verið þau að banna samfundi sína og X, enda hafi sér verið synjað um að hitta hann, er hún fór 9. desember til að ná fundi hans að Bröndukvísl 17.

Með bréfi til yfirborgardómara 10. desember 1991 fór sóknaraðili þess á leit fyrir hönd X, að því er segir í bréfinu, að lögræðissviptingin sín yrði felld úr gildi.

Með bréfi til yfirborgardómara 18. desember krafðist sóknaraðili úrskurðar um, að sér væri heimilt að heimsækja X, eins og hún teldi þörf á, til að geta rökstutt frekar tilmælin um, að lögræðissviptingin yrði felld úr gildi.

III.

Dóra Guðmundsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík, fór

með mál þetta í héraði. Hún talaði við X 17. desember, og er frá því sagt í hinum kærða dómi.

Fram hefur verið lögð í málinu skýrsla Júlíusar Einars Halldórsonar, forstöðumanns sambýlisins við Bröndukvísl 17, dr. Sölvínu Konráðs, sálfræðings Svæðisstjórnar málefna fatlaðra í Reykjavík, og Aðalbjargar Dísu Guðjónsdóttur, félagsráðgjafa svæðisstjórnarinnar. Skýrslan er gerð 20. desember 1991, og segir í lok hennar:

„Enn sem komið er, er mat okkar það, að X geti ekki hugsað fyrir sínum málum upp á eigin spýtur án þess að stofna sér í vandræði. Hann er mjög áhrifagjarn og á erfitt með að sjá málin í heildarsamhengi. Minnisskyn og taltruflanir há honum einnig mjög í daglegu lífi.“ Meðal annarra skjala um X, sem finna má í málinu, er greinargerð dr. Sölvínu Konráðs um niðurstöður greindarmats og persónuleikamats, sem fram fóru 27. desember sl. Niðurstaða greindarmats er skýrð í greinargerðinni, en greindarvísitala mældist 76 og X því talinn tornæmur. Sálfræðingurinn telur, að X sé ekki fær um að taka ákvarðanir um flóknari þætti lífs síns, svo sem búsetu, umönnunarþörf, atvinnu og fjármál.

IV.

Það, sem fram hefur komið í máli þessu um hagi og óskir X, þykir ekki veita tilefni til, að dómari neyti heimildar í 7. gr. lög-ræðislaga og afli frekari gagna í máli þessu eða skipi lögmann til að gæta hagsmuna hans. Ber því að staðfesta hinn kærða frá-vísunardóm.

Með tilliti til afstöðu til frávísunar á kröfu um niðurfellingu lögræðissviptingar ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara varðandi kröfu sóknaraðila um samband hennar og X.

Sóknaraðili taldi sig hafa ástæðu til að ætla, að X vildi í nóvemberlok á þessum vetri leita leiða til að breyta réttarstöðu sinni. Hún sneri sér til yfirborgardómara án þess að hafa skriflegt umboð frá X, og verður að líta svo á, að hún sé persónulega sóknaraðili fyrir Hæstarétti. Niðurstaða í samtali því, sem héraðsdómari átti við X, gögn þau, sem fram komu um hagi hans, og umboðsskortur sóknar-aðila til að annast fyrir hann málarekstur þenna valda því, að málið var ófyrirsynju kært til Hæstaréttar. Verður að því athuguðu að dæma sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jónína Bjartmarz héraðsdómslögmaður, greiði varnaraðila, Eysteini Guðmundssyni f. h. X, 25.000 krónur í kærumálaskostnað.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1992.

Undir rekstri máls þessa hefur lögmaðurinn Jónína Bjartmarz hdl. sett fram þá kröfu, að héraðsdómari úrskurði, að henni sé heimilt að heimsækja hinn lögræðissvipta, X, eins og hún telji þörf á til að geta rökstutt frekar fram komin tilmæli um, að lögræðissvipting hans verði úr gildi felld. Hefur lögráðamaður X meinað lögmanninum að heimsækja hann, og hefur yfir-lögráðandi staðfest þá ákvörðun lögráðamannsins.

Krafa lögmannsins er rökstudd með tilvísun til ákvæða 2. mgr. 3. gr. lögræðislaga, um rétt lögræðissvipts manns til að öðlast á ný lögræði, og til 1. mgr. 9. gr. laganna, um aðild hins lögræðissvipta sjálfs að slíku máli. Þá er vísað til þess, hve svipting lögræðis sé alvarleg röskun á persónuhelgi hvers manns, og sé því ljóst, að framangreindur réttur sé óskerðanlegur og alls ekki á valdi lögráðamanns að varna lögræðissviptum manni að bera fram tilmæli samkvæmt 1. mgr. 9. gr. lögræðislaga eða leita aðstoðar til þess hjá lögmanni.

Um rekstur lögræðismála eru ákvæði í II. kafla laga nr. 68/1984. Sæta þau afbrigðilegri meðferð einkamála, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir frumkvæði dómara varðandi rannsókn málsins og öflun gagna. Þar sem sérákvæðum lögræðislaga sleppir, eiga við um rekstur þessara mála megin-reglur um meðferð einkamála.

Samkvæmt 1. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði kveður dómari upp úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess. Er þar um að ræða formbundna ákvörðun til lausnar á ágreiningsefnum, sem varða rekstur málsins, svo sem hvort frestur skuli veittur eða ekki.

Málefni það, sem hér er krafist úrskurðar um, varðar ekki meðferð máls-ins sem slíks, heldur almennt heimild lögmanns, sem sett hefur fram tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar til að heimsækja hinn lögræðissvipta.

Það er ekki í valdi dómara þessa máls að úrskurða undir rekstri þess um heimild lögmannsins Jónínu Bjartmarz hdl. til að heimsækja X. Ekkert í sérreglum laga nr. 68/1984 um meðferð lögræðismála þykir breyta þeirri niðurstöðu. Þá ber þess að gæta, að kröfunni hefur ekki verið beint gegn

löggráðamanni hins lögræðissvipta, sem samkvæmt 31. gr. laga nr. 68/1984 ræður persónulegum högum hans.

Verður því að vísa frá dómi þeirri kröfu Jónínu Bjartmarz hdl., að henni sé heimilt að heimsækja X.

Dóra Guðmundsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Jónínu Bjartmarz hdl. um, að henni sé heimilt að heimsækja X, er vísað frá dómi.
